

Nr. 19-112 S 070 Blíðfari ÍS 5**Leki í vélarúmi**

Skipaskr.nr.: 7668
Útgerð: Solla ehf.
Smíðaður: Bolungarvík, 2010, trefjaplast.
Stærð: 4,56 bt.
Mesta lengd: 8,63 m Skráð lengd: 8,59 m
Breidd: 2,41 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Cummins, 147,60 kW, 1998.
Fjöldi skipverja: 1



Blíðfari © Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Hirti Emilssyni. Pálmi K. Jónsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. júlí 2019 var Blíðfari ÍS 5 á strandveiðum þrjár sjómílar norður af Kögri á Hornströndum. Veður: NA 9 m/sek.

Skipstjórinn tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga að leki væri kominn að bátnum og töluverður sjór kominn í vélarúmið. Báturinn Otur II ÍS 173 kom honum til aðstoðar.

Björgunarbátarnir Kobbí Láka frá Bolungarvík og Gísli Jóns frá Ísafirði voru einnig kallaðir út. Dælt var sjó úr bátnum með dælum frá björgunarbátunum sem síðan drógu Blíðfara til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að á leiðinni á miðin sigldi báturinn á rekald, þungt högg kom undir hann, og stuttu síðar kom viðvörðun um sjó í vélarúmi;
- að báturinn var á 12 hnúta ferð og skipstjórinn varð ekki var við rekaldið fyrir ásiglinguna;
- að lekinn var það mikill að lensidælan hafði ekki undan;
- að við skoðun kom í ljós að rifa var í trefjaplastinu við sjóinntakið fyrir vélina.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.